

Reykjavík, 20. mars, 2021

Umsögn Öldu um 242. mál, 151. löggjafarþingi
– um takmarkanir á fjárfestingum í vinnslu jarðefnaeldsneytis

Félagið ítrekar hér með umsögn sína um sama mál, sem flutt var á 150. löggjafarþingi (nr. 566) og má finna á næstu síðum. Félagið telur brýnt að leiðir séu skoðaðar til að efla græna fjárfestingu og sömuleiðis leiðir til að banna fjárfestingar í fyrirtækjum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 20. apríl 2020

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um takmarkanir á fjárfestingum í vinnslu jarðefnaeldsneytis

(566. mál, 150. löggjafarþing 2019-2020).

Sú krafa hefur orðið háværi á undanförunum árum að fjármálastofnanir hætti að fjárfesta í fyrirtækjum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis, enda ljóst að ef brenndar verða allar þekktar birgðir olíu, gass og kola í jarðskorpunni verður ekki unnt að forða mannkyni frá öfgakenndum loftslagsbreytingum. Ör hlýnun loftslagsins getur haft neikvæð áhrif á efnahagslegt öryggi hér á landi, m.a. með bráðnun jökla og súrnun sjávar, og dregið verulega úr lífsgæðum.

Ríflega þúsund erlendar fjármálastofnanir hafa brugðist við þessari áskorun með því að veita fjárfestingum sínum í annan farveg, nú nýverið lífeyrissjóðurinn New York State Common Retirement Fund, þýska tryggingafélagið Allianz og Norski olíusjóðurinn (Statens pensjonfond), sem hefur tilkynnt þá ákvörðun sína að selja hlutabréf í fyrirtækjum sem stunda einvörðungu leit og framleiðslu á jarðefnaeldsneyti.

Hér á landi hefur lítið farið fyrir umræðu um áhrif loftslagsbreytinga á fjárfestingastefnu fjármálastofnana þótt fullt tilefni sé til þar sem Íslendingar fjárfesta umtalsvert í erlendum fyrirtækjum, sjóðum og bréfum. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna eru til að mynda rúmir 1.100 milljarðar króna og erlendar eignir Seðlabankans munu vera nærri 700 milljörðum.

Ljóst er að almenningur gerir auknar kröfur um að fyrirtæki sýni ábyrgð í loftslagsmálum. Samkvæmt umhverfiskönnun Gallup segja 86% aðspurðra það skipta miklu máli að fyrirtæki hrindi í framkvæmd aðgerðum sem hafa jákvæð áhrif á sviði loftslagsmála og einungis 17% telja fjármálageirann ná árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, Landvernd, Foreldrar fyrir framtíðina og Ungir umhverfissinnar leitast nú við að afla upplýsinga um erlendar fjárfestingar Íslendinga sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis. Þess vegna hefur félagið óskað eftir upplýsingum frá íslenskum fjármálafyrirtækjum um slíkar fjárfestingar og fjárfestingastefnu á þessu sviði.

Nú hafa 21 fjármálafyrirtæki sent Öldu svör sem birt eru á síðunni fjarlosun.alda.is. Af þessum svörum að dæma virðist mjög líklegt að stór fjármálafyrirtæki eigi hlut í félögum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis, að minnsta kosti treysta þau sér ekki til að fullyrða að annað. Þannig segir t.d. í svari Landsbankans: „Landsbankinn getur ekki með algjörrri vissu útilokað að sjóðir eða fyrirtæki, sem sjóðir á vegum bankans eða sjóðir í stýringu hjá bankanum hafa fjárfest í, eigi hlut í félagi eða félögum sem stunda leit eða vinnslu á jarðefnaeldsneyti.“ Eins segir í svari Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins: „Þegar kemur að erlendum fjárfestingum fjárfestir LSR fyrst og fremst í sjóðum, eins og fram kom í fyrra svari, s.s. verðbréfasjóðum og vísitölusjóðum. Slíkir verðbréfa- og vísitölusjóðir samanstanda af fjölmörgum félögum og því er ekki hægt að útiloka að þar sé mögulega að finna félög sem koma að verkefnum tengdum vinnslu á jarðefnaeldsneyti“.

Af þessum sökum styður Alda þá tillögu sem hér er til umsagnar og gerir ráð fyrir takmörkunum á fjárfestingum í fyrirtækjum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis.

Með góðri kveðju,

Guðmundur Hörður Guðmundsson,
fyrir hönd Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Sent á: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 3. desember 2020

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um tillögu til þingsályktunar um takmarkanir á fjárfestingu í vinnslu jarðefnaeldsneytis (151. löggjafabing 2020-2021, [bskj. 262, 242. mál](#))

Vísað er til tillögu að þingsályktun þar sem lagt er til að fjármála- og efnahagsráðherra verði falið að skipa starfshóp, í samráði við umhverfis- og auðlindaráðherra og atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, sem geri tillögur að leiðum fyrir íslenskt fjármálakerfi til að verða í fararbroddi í grænni fjárfestingu og þróun sem miðar að jarðefnaeldsneytislausu samfélagi. Lagt er til að:

- a) tillögurnar taki hið minnsta til fjárfestingarstefnu hins opinbera og lífeyrissjóðanna, en nái eftir atvikum til fjárfestinga allra stærri fjárfestingarsjóða og annarra fjármálafyrirtækja.
- b) starfshópnum verði falið að leggja m.a. fram tillögur að því hvernig útfæra megi bann við fjárfestingum hins opinbera og lífeyrissjóða í fyrirtækjum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis og tímasetta áætlun um að losa um beint og óbeint eignarhald áður nefndra aðila í slíkum fyrirtækjum.
- c) ráðherra kynni Alþingi niðurstöður starfshópsins og leggi fram frumvarp á grundvelli þeirra á vorþingi 2021.

Íslenskir lífeyrissjóðir leggja í auknum mæli áherslu á ábyrgar fjárfestingar og líta í því sambandi m.a. til sjálfbærra fjárfestingarkosta. Með sjálfbærni er í þessu sambandi vísað til ákveðins jafnvægis milli umhverfisþátta, samfélags og efnahags. Áhersla í þessum efnum kemur m.a. fram í sameiginlegri viljayfirlýsingu aðila á innlendum fjármálamarkaði, sem vísað er til í greinargerð með tillögunni, um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar sem undirrituð var 25. september s.l. Að yfirlýsingunni standa ríkisstjórn Íslands og aðilar sem fara fyrir um 80% af eignum á íslenskum fjármálamarkaði. Þorri íslenskra lífeyrissjóða eru aðilar yfirlýsingunni.

Landssamtök lífeyrissjóða taka undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með þingsályktunartillögunni að knýjandi sé að íslenskir lífeyrissjóðir, sem og aðrir innlendir og erlendir stofnanafjárfestar, taki tillit til stefnumarkandi ákvarðana og skuldbindinga alþjóðasamfélagsins í loftslagsmálum. Í þeim efnum er nærtækt að vísa til Kyoto yfirlýsingarinnar frá 1997, Parísarsáttmálans frá 2015, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun frá 2015 og Aðgerðaráætlunar Íslands í loftslagsmálum frá júní 2020.

Fyrir liggur að samkvæmt Parísarsáttmálanum þurfa ríki heims að draga úr losun koltvísýrings um helming fyrir árið 2030 og að ná fullu kolefnishlutleysi fyrir árið 2050. Það sé skilyrði fyrir

Því að unnt verði að takmarka hækkun hitastigs á jörðinni við 1,5 til 2,0 gráður, m.v. upphaf iðnbyltingar. Til þess að svo megi verða liggur fyrir að það þarf samstillt átak allra hlutaðeigandi, m.a. stjórnvalda, fyrirtækja, fjárfesta, vísindasamfélagsins og almennings.

Eins og kunnugt er hefur löggjöf á þessu sviði þróast hratt undanfarin ár, m.a. í löggjöf Evrópusambandsins, eins og vísað er í að hluta í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Sú löggjöf hefur áhrif á íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins. Þessi löggjöf hefur þó enn ekki verið innleidd inn í landsrétt að fullu leyti, enda að nokkru leyti ný til komin.

Í greinargerðinni er einnig vísað til þess að lífeyrissjóðum beri að setja sér siðferðileg viðmið í fjárfestingum. Ákvæði þetta kom inn í lög með breytingum á lögum nr. 113/2016, til breytinga á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem lögfestar voru nýjar reglur um fjárfestingarstarfsemi lífeyrissjóða. Í samræmi við ákvæðið hafa lífeyrissjóðir almennt mótað sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Í framkvæmd er í þeim gjarnan litið til viðmiða um umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarhætti (stytt UFS) við fjárfestingarákvarðanir og stýringu eignasafna lífeyrissjóða. Þróun í þessum efnum hefur verið nokkuð hröð innan lífeyrissjóðanna og viðbúið að svo verði áfram.

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) taka undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að fjárfestar eins og lífeyrissjóðir, sem og aðrir stofnanafjárfestar, hugi að sjónarmiðum sem lúta að hættu á að eignir sem tengjast iðnaði sem eykur losun kolefnis geti fallið í verði eða orðið með öllu verðlausar eins og vikið er að í greinargerðinni sem og annarra sjónarmiða sem lúta að áherslum á langtímasýn við mótun og framkvæmd fjárfestingarstefnu.

Fram hefur komið að ýmsar alþjóðlegar stofnanir og ráðgjafafyrirtæki hafa fært rök fyrir því að meginþorri af þeirri orku sem framleidd verður næstu áratugi til að mæta aukinni orkuþörf muni byggja á sjálfbærri orku. Í því sambandi er einkum horft til vind- og sólarorku. Þá hafa rök verið færð fyrir því að framleiðslukostnaður sjálfbærrar orku hafi lækkað um tugi prósentu s.l. áratug og allt bendi til að sú þróun haldi áfram. Afleiðingarnar séu m.a. þær að sjálfbærir orkugjafar eru að verða álíka hagkvæmir og orka framleidd með jarðefnaeldsneyti. Sumir benda á sjálfbær orka sé í mörgum tilvikum þegar orðið hagkvæmari.

Í ljósi þessa hvetja LL til opinnar, upplýstrar og gagnrýnnar umræðu um fjárfestingar fjárfesta eins og lífeyrissjóða í fyrirtækjum sem vinna orku úr jarðefnaeldsneyti. LL vara hins vegar við því að gripið verði til þess að banna fjárfestingar í einstaka atvinnugreinum eða fyrirtækjum. Slík leið gæti gefið varasamt fordæmi varðandi takmarkanir á forræði lífeyrissjóða á eignasöfnum sem standa undir réttindum sjóðfélaga. Þá er einnig vert að benda á að sum rótgróin fyrirtæki á sviði jarðefnaeldsneytis eru nú leiðandi í þróun orkuvinnslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Sama gildir um hlutverk dreifingafyrirtækja sem hingað til hafa einkum dreift og selt jarðefnaeldsneyti. Þá skiptir líka málið í þessu sambandi að gæta þarf ákveðins jafnræðis með lífeyrissjóðum og öðrum samkynja stofnanafjárfestum þegar kemur að reglum um fjárfestingarstarfsemi. Einnig þarf að taka með í reikninginn að þó sjálfbærir orkugjafar sæki hratt á og skipti sköpum varðandi orkuskipti, sé ýmis starfsemi enn háð jarðefnaeldsneyti. Til að mynda stór flutningatæki eins og skip, flugvélar og flutningabílar, sem og orkufrekur iðnaður eins og stálvinnsla. Þó bent hafi verið á að það hylli undir lausnir í þessum geirum í náinni framtíð er enn nokkuð í land.


Með vísan til alls framangreinds taka LL almennt heils hugar undir það meginmarkmið þingsályktunartillögunnar að auka umræðu um þetta mikilvæga mál og hvetja fjárfesta með afgerandi hætti til að horfa í auknum mæli til sjálfbærra fjárfestingarkosta. Þar veða fjárfestingar sem lúta að því að styðja við baráttuna gegn lofslagsógninni þungt. Þær áherslur ættu almennt að að vera í samræmi við áherslur langtíma fjárfesta eins og lífeyrissjóða. Hins vegar leggja LL til, með vísan til framangreindra sjónarmiða, að fallið verði frá því að ætla starfshópi þriggja ráðuneyta að útfæra bann við fjárfestingum lífeyrissjóða í fyrirækjum sem tengjast vinnslu jarðefnaeldsneytis. Eins og að framan er rakið eru þau fyriræki sem hér um ræðir sum hver jafnvel mikilvægur hlekkur í framgangi orkuskipta á heimsvísu.

Mun vænlegra til árangurs er að skýra heimild og skyldur lífeyrissjóða til að byggja fjárfestingar á viðmiðum varandi umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti, með svipuðum hætti og gert er í tilskipun Evrópusambandsins um starfstengda lífeyrissjóði ([Directive EU 2016/2341](#)). Þá getur líka verið gagnlegt að gera almennan áskilnað um upplýsingagjöf stofnanafjárfesta um áhættu tengda sjálfbærniþáttum. Þar hafa þegar verið stigin skref, t.a.m. í lögum um ársreikninga. Eins má gera ráð fyrir að á næstu misserum verði innleidd í íslenskan rétt ákvæði tilskipana og reglugerða ESB sem varða þessi mál, en þær falla undir gildissvið samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Það er von LL að framangreind sjónarmið og áherslur komi að gagni í umræðu Alþingis um framangreinda þingsályktunartillögu sem og önnur atriði sem varða loftslagsmál og aukna áherslu á sjálfbærar fjárfestingar almennt.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir,
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

sent á: Nefndasvid@althing.is

Reykjavík, 27. nóvember 2020

Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar takmarkanir á fjárfestingum í vinnslu jarðefnaeldsneytis, 242. mál.

Landvernd hefur skoðað ofangreinda þingsályktunartillögu og greinagerð með henni. Stjórn Landverndar styður tillöguna heilshugar og þakkar flutningsmönnum fyrir vel unna tillögu. Greinagerð með tillögunni er mjög skýr og gagnleg.

Ef bann við fjárfestingum í jarðefnaeldsneytisvinnslu næði fram að ganga, þó það næði bara til opinberra fjárfestinga, fjármálastofnanna í ríkiseigu og lífeyrissjóða væri það stórt skref í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem tengjast Íslandi. Ísland gæti með því orðið prófsteinn á það fyrir önnur lönd hvernig þess háttar bann gengi fyrir sig.

Starfshópurinn ætti einnig að skoða hvenær raunhæft er að Ísland geti lokið allri verslun með jarðefnaeldsneyti. Það væri mikill fengur fyrir heiminn ef velmegunarríki eins og Ísland gæti sýnt í framkvæmd virkt og velmegandi samfélag óháð jarðefnaeldsneyti. Inn í þess háttar skoðun gætu tillögur sem komið hafa frá ýmsum hópum Landverndar í loftslagsmálum gagnast¹. Til þess að hætta allri verslun með jarðefnaeldsneyti þarf að taka markviss skref. Aðalfundur Landverndar 2020 hefur lagt til eftirfarandi skref² sem má hafa til hliðsjónar:

2020 Auka fjármagn í nýsköpun og þróun fyrir notkun hreinna orkugjafa í flugsamgöngum í samstarfi við grannþjóðir

2023 Banna innflutning á bensín og díselbílum

2025 Banna innflutning vinnuvélum og tækjum sem ekki ganga fyrir hreinum orkugjöfum

2025 Öll opinber framkvæmdasvæði noti eingöngu tæki sem ganga fyrir hreinum orkugjöfum

2025 Jarðefnaeldsneytislausar almenningsamgöngur á landi

2030 Markmið um fyrsta raffarþegaflug innanlands

2030 Jarðefnaeldsneytislausar landssamgöngur

2030 Jarðefnaeldsneytislausar sjósamgöngur

2035 Jarðefnaeldsneytislaus fiskiskipafloti

2035 Markmið um rafvæðingu millilandaflegs

¹ <https://landvernd.is/tillogur-fra-nokkrum-hopum-landverndar-um-adgerdir-i-loftslagsmalum/>

² <https://landvernd.is/oliulaust-island-2035/>



Þess ber einnig að geta að í nýrri orkustefnu fyrir Ísland er sett fram markmið um að Ísland verði jarðefnaeldsneytislaust í síðasta lagi 2050. Fjárfestingabann í vinnslu jarðefnaeldsneyta stuðlar að því markmiði³.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

³ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/10/02/Orkustefna-til-2050-Skyr-framtidarsyn-um-sjalbbaera-orkuframtid/>



Alþingi
Alþingishúsið
Alþingi.is

Ungir Umhverfissinnar
miðvikudagur 02. desember 2020

**Athugasemdir við 242. mál, þingsályktunartillaga 151. löggjafarþing 2020–2021.
Takmarkanir á fjárfestingum í vinnslu jarðefnaeldsneytis**

Ungir umhverfissinnar styðja þingsályktunartillöguna í heild sinni. Fjárlosun úr jarðefnaeldsneytisiðnaði og fjárfesting í grænum iðnaði er stór og mikilvægur þáttur í baráttunni gegn loftslagsvánni. Fjárfesting stórra sjóða eins og lífeyrissjóða eru ráðandi partur af þeirri stefnu sem samfélagið tekur. Væru fjárfestingar þeirra gegnsærri væri hægt að notfæra sér stefnu þeirra sem stjórnunnartæki þar sem almenningssvitund um umhverfismál fer sívaxandi.

Við fögnum því að áætlanir starfshópsins séu að setja fram tímasetta áætlun en það skiptir máli að biða ekki of lengi með svo nauðsynlegar aðgerðir. Loftslagsváin er ein stærsta ógn sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir og okkur ber að fara eftir ráðleggingum vísindamanna í IPCC sem segja að við þurfum að halda okkur innan við 1,5°C hlýnun á heimsvísu.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna

Þorgerður M Þorbjarnardóttir, formaður
S. 8958894